

piltar hafi setið í aftursæti bifreiðarinnar og tekið áfengisflöskuna úr því eftir beiðni bifreiðarstjórans, sem þau könnuðust þó eigi við, er samþrófun kærða og vitna fór fram hér í réttinum.

Kærði hefur eindregið neitað því að hafa selt vitnunum áfengi, enda kannast hann ekki við þau, og ekki selt áfengi, eftir að hann tók að aka greindri bifreið.

Þrátt fyrir neitun kærða á nefndri áfengissölu er talið sannað, að hann hafi í nefnt skipti selt framangreindum vitnum eina flösku af brennivíni, enda hefur hann áður gerzt sekur um áfengissölu og vitað er, að hún hefur í stórum stíl farið fram meðal bifreiðarstjóra.

Þykir kærði því hafa gerzt brotlegur við 15. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935. Samkvæmt 33. gr. nefndra laga og með hliðsjón af lögum nr. 14 8. marz 1948 um ákvörðun fésekta þykir refsing hans hæfilega ákveðin 5000.00 króna sekt til Menningarsjóðs. Afplánist hún með varðhaldi í 70 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér við réttinn, héraðsdómslögmanns Gunnars Jónssonar, kr. 200.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Skarphéðinn Jónsson, greiði 5000.00 kr. sekt til Menningarsjóðs, er afplánist með varðhaldi í 70 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér við réttinn, héraðsdómslögmanns Gunnars Jónssonar, kr. 200.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. apríl 1950.

Nr. 2/1950.

Guðlaugur Ásgeirsson (sjálfur)
gegn

Hannesi Ágústssyni og gagnsök
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar þ. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði dóm-

ur verði ómerktur, að málinu verði vísað frá héraðsdómi og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. janúar þ. á., krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur maður að nafni Kristján Guðmundur Sigurmundsson framkvæmdarstjóri komið fyrir dóm og borið vætti þess efnis, að hann og aðaláfrýjandi hafi átt ýmis skuldaskipti saman og hafi aðaláfrýjandi til lúkn-ingar þeim ritað samþykki sitt á „víxil“ þann, sem í máli þessu greinir, en Kristján Guðmundur hafi ritað hann til ráð-stöfunar útgefanda, þó svo, að nafn útgefanda var óritað. Síðan ritaði Kristján Guðmundur á bak „víxilsins“ um af-borgun af hendi aðaláfrýjanda. Rétt sinn samkvæmt víxil-bláðinu framseldi Kristján Guðmundur seinna gagnáfrýjanda þessa máls, sem ritaði nafn sitt sem útgefandi víxilsins og höfðaði víxilmál þetta.

Aðaláfrýjandi hefur hér fyrir dómi viðurkennt fjárhæð víxilsins réttmæta skuld á hendur sér. Hins vegar telur hann, að sú meðferð víxileyðublaðsins, sem að framan er lýst, geti ekki skapað lögmætan víxil og að heimild hafi því brostið til að innheimta skuldina í víxilmáli, en þetta leiði til ómerkingar hins áfrýjaða dóms og frávísunar víxilmálsins frá héraðs-dómi.

Gagnáfrýjandi mótmælir því, að þessi vörn aðaláfrýjanda komi til álita í Hæstarétti, þar sem aðaláfrýjandi hafi komið fyrir dóm í héraði án þess að hreyfa andmælum. Í öðru lagi heldur gagnáfrýjandi því fram, að vörn þessi sé ónýt að lögum.

Skilyrði þess, að mál verði rekið að hætti víxilmála, er, að málið sé risið af víxli, og skulu dómstólar sjálfkrafa gæta þess skilyrðis, sbr. 207. gr. laga nr. 85/1936. Er því rétt að taka vörn aðaláfrýjanda til efnismeðferðar. Í ritun samþykkis á nefnt víxileyðublað fólst af hendi aðaláfrýjanda heimild til handa Kristjáni Guðmundi og þeim, sem hann kynni að framselja rétt sinn, til að rita nafn útgefanda og neyta víxil-

réttar á hendur aðaláfrýjanda sem samþykkjanda. Þenna rétt öðlaðist gagnáfrýjandi samkvæmt framsali frá Kristjáni Guðmundi, og hefur hann ekki misfarið með þann rétt.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, verður að telja, að mál þetta hafi verið höfðað til greiðslu víxils og það hafi því réttilega sætt meðferð samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 700.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Guðlaugur Ásgeirsson, greiði gagnáfrýjanda, Hannesi Ágústssyni, kr. 700.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. desember 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 22. f. m. af Hannesi Ágústssyni, Holtsgötu 34, hér í bæ, gegn Guðlaugi Ásgeirssyni, Lækjargötu 8, hér í bænum, til greiðslu víxils upphaflega að fjárhæð kr. 21900, nú að eftirstöðvum krónur 18119.00, útgefins 30. janúar 1948 af stefnanda og samþykkt af stefnda til greiðslu í Búnaðarbankanum hér í bæ 27. febr. 1948.

Hefur stefnandi krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér eftirstöðvar víxilsins, kr. 18119.00, með 6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 27. apríl 1948 til greiðsludags, $\frac{1}{2}\%$ fjárhæðarinnar í þóknun og málskostnað að að skaðlausu.

Stefndi hefur látið sækja þing, en engum andmælum hreyft gegn dómkröfum stefnanda. Verða þær því teknar til greina, þar sem stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins.

Málskostnaður ákveðst kr. 2047.00.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Guðlaugur Ásgeirsson, greiði stefnandanum, Hannesi Ágústssyni, kr. 18119.00 með 6% ársvöxtum frá 27. apríl 1948 til greiðsludags, $\frac{1}{2}\%$ fjárhæðarinnar í þóknun og kr. 2047.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.